

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTIMABILIÐ 2018-2022

Árið 2021, föstudaginn 10. September 2021 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Þorbergur Kjartansson, G. Birgir Ragnarsson. Ragnheiður Baldursdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir sóttu fjarfund.

Bragi Þór Thoroddson sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd og fyrirspurnum svarað varðandi m.a. kalkþörungaverkefni og stöðu þess.

2. Staða áforma um uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík

Staða áforma um uppbyggingu landfyllingar fyrir verksmiðjulóð kalkþörungaverksmiðju og útboðs stálþils og fyrirstöðugarðs kynnt og þær dagsetningar sem fyrirhugaðar eru.

3. Íbúafundur í október 2021 – fyrirkomulag og staðsetning

Sveitarstjórn ákveður að boða til íbúaþings – íbúafundar laugardaginn þann 2. október 2021 kl. 13:00 til samræmis við 106. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundur verði almennur og verður efni fundar auglýst og kynnt í síðasta lagi 10 dögum fyrir boðaðan fund.

4. Sala fasteigna – sala á Rauða húsinu við Arnarflöt

Sveitarstjórn ákveður að setja húsið í söluferli. Það verður opið fyrir tilboð í tvær vikur með fyrirvara um áskilnað til þess að hafna öllum tilboðum eða taka hæsta boði. Tilboðum skal skila í lokuðum umslögum og opnuð á sama tíma.

5. Framkvæmdir í Súðavíkurhreppi

- Staða framkvæmda eftir sumarið
- Fyrirhugaðar framkvæmdir (aspir við Víkurgötu, Álfabyggð/Holtagötu)
Þessum lið er frestað til frekari umfjöllunar í viðkomandi nefnd.
- Vatnskerfi/brunakerfi – viðhald

Búið er að setja nýjan brunahana fyrir ofan Brekku, viðgerðir hafa farið fram við vatnskerfi á norðurgarði Súðavíkurhafnar. Hringtenging kerfis í nýja þorpinu þarfast yfirferðar.

- Viðhald Súðavíkurhafnar
- Bráðabirgðarviðgerðir fóru fram á miðbakka (til að koma í veg fyrir slys). Viðgerðir af hendi vegagerðarinnar eru áfomaðar á næstu tveimur árum.

SK

SK BR

- **Viðhald fasteigna: Melrakkasetur og Holtagata 2**
- Melrakkasetur: Fyrir um fjórum árum var ákveðið að mála Melrakkasetrið (Eyrardalsbæinn). Mikilvægt er að það verði málað sem fyrst enda var búið að marka í það peninga árlega á fjárhagsáætlun. Lagt til að leitað verði tilboða í það verk. Einnig samþykkt að fara í endurbætur á eldhúsi.
- Holtagata 5: Gerð grein fyrir þeim kostnaði sem þegar hefur verið lagður í húsið í gluggaskiptum og gólfefnum.
- **Göngustígur að Langeyri**
- Lagt til að þessum lið verði frestað og tekið fyrir á íbúafundi í október.

6. Slökkvilið – staða slökkviliðs og framtíðaráform

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar með fyrirspurn um sameiningu slökkviliðanna með þeim formerkjum að hér verði staðbundinn viðbragðshópur og búnaður.

7. Nýting fasteigna á Langeyri (mæting á fund um kl. 11:00)

Finnur Jónsson kemur inn á fundinn kl. 11:15. Finnur fer yfir þá starfsemi sem hann hefur í Súðavík og hvaða þýðingu það hefur fyrir Súðavíkurhrepp, sem er annar stærsti eigandi félagsins Iceland Sea Angling.

- a. Iceland Sea Angling hefur til langs tíma leigt 7 bil í iðnarðarhúsnæði að Langeyri og ítrekar ósk um að leigja 4 bil í syðri enda Langeyrarhússins.
Sveitarstjórn leggur til að félagið fái leigða aðstöðu að Langeyri ef unnt er, fjögur bil í syðri enda.
- b. Flotbryggja í Súðavíkurhöfn. Flotbryggja er þannig í dag að það er óheppilegur frágangur á flotbryggju þegar gerir einhver veður og fríholt skemmast. Þarf að leggja utan á hliðar flotbryggju, timbur eða annað sem myndi minnka núning. Ósk um samstarfsverkefni milli Súðavíkurhrepps og Iceland Sea Angling um úrbætur.
Sveitarstjórn leggur til að kannað verði með kostnað og útfærslu.
- c. Súðavíkurhöfn. Salernisaðstaða er engin fyrir þá sem eru á höfninni. Leggur fyrir sveitarstjórn ósk um að leyst verði úr þessu með gámaeiningu eða færانlegri salernisaðstöðu.
Sveitarstjórn leggur fyrir sveitarstjóra að leiða samstarfsverkefni um uppfærslu á húsakosti Iceland Sea Angling og hafnarvarðar með framtíðarlausn á bæði húsnæði, söluaðstöu og salernisaðstöðu í heild.
- d. Úrgangur
Bein og úrgangur fari frá og með vori 2022 í vinnsluaðila þannig að ekki verði sjóinmengun af í Súðavíkurhöfn.
- e. Húsakostur við Aðalgötu. Iceland Sea Angling hefur um árabil reynt að fá að mála húsnæði í fjölbýli við Aðalgötu. Ekki hefur náðst samstaða með öðrum eigendum í húsinu um málið en hefur hug á að reyna að nýta lög um fjöleignarhús og húsfélag til að fá málið í farveg.
- f. Iceland Sea Angling hefur áhuga á því að setja upp veitingastað í gamla þorpinu og horfir til þess að nýta lóð við Túngötu 1.
Sveitarstjórn leggur til að sveitarstjóra verði falið í samstarfi við Iceland Sea Angling að útfæra hugmyndir að veitinga- og aðstöðuhúsi fyrir gamla þorpið við Túngötu 1.
- g. Iceland Sea Angling leggur fram yfirlit yfir bókanir fyrir næsta ár til kynningar fyrir sveitarstjórn. Fram kemur að staðfest bókun er um 88%.

8. Staðfesting kjörskrár Súðavíkurhrepps fyrir alþingiskosningar 2021

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps staðfestir kjörskrár Súðavíkurhrepps, bæði fyrir kjördeild í Heydal og Súðavík án athugasemda.

SG P.K. BP

9. Byggðakvóti – tillögur að fyrirkomulagi úthlutunar 2022

Sveitarstjórn leggur fyrir sveitarstjóra að leita allra mögulegra leiða sem sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofa leyfa til þess að hámarka framlegð af úthlutun byggðarkvóta fyrir Súðavíkurhrepp. Sveitarstjórn leggur til að leitað verði eftir leyfi til þess að landa byggðarkvótaframlagi á markað og fá undanþágu til þess að hafa ekki gildan vinnslusamning svo sem fordæmi eru fyrir við sérreglur einstakra sveitarfélaga.

10. Fundargerðir nefndar:

7. fundur atvinnu- og landbúnaðarnefndar dags. 8.9.2021

Fundargerð samþykkt og sveitarstjóra falið að fara í kostnaðargreiningu á bæði girðingu og færانlegum leitarhólfum. Verður lagt fyrir fund sveitarstjórnar 8. október 2021.

12. fundur fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar 8.9.2021


Fundargerð samþykkt.

21. fundur skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar- dags 8.9.2021

Fundargerð samþykkt.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:08


Þorbergur Kjartansson

Ragnheiður Baldursdóttir

G. Birgir Ragnarsson


Guðrún B. Rasmussen

Jóhanna Kristjánsdóttir


Samúel Kristjánsson

oddviti